# Þú getur meira en þú heldur

**Leiklist**

Jóhann Hjálmarsson

**Leikfélag Kópavogs:**
**GÚMMÍ-TARZAN**
**eftir Ole Lund Kirkegaard.**
**Þýðing: Jón Hjartarson.**
**Leiktexti: Jón Hjartarson, Þórarinn Eldjárn og leikhópurinn.**
**Leikstjóri: Andrés Sigurvinsson.**
**Tónlist: Kjartan Ólafsson.**
**Búningar og leikmynd: Karl Aspelund.**
**Lýsing: Lárus Björnsson.**
**Hljóðstjóri: Egill Árnason.**

Gúmmí-Tarzan eftir Ole Lund Kirkegaard hefur víða notið mikilla vinsælda. Bókin höfðar til krakka í mörgum þjóðlöndum. Flestir kannast við Tarzan og sögupersónan Ívar er til á fleiri stöðum en í Danmörku.

Ívar verður fyrir aðkasti í skólanum. Hann er utan við sig í kennslustundum, lélegur í leikfimi og stenst strákunum ekki snúning í ýmsum leikjum og hrekkjum. Hann er tilvalinn skotspónn þeirra. En pabbi Ívars er yfir sig hrifinn af Tarzan-bókunum og dreymir um að sonur hans líkist Tarzan. Slíkt gerist ekki fyrr en Ívar hittir galdranorn sem lætur óskir hans rætast, en aðeins einn dag. Ívar fer á kostum í bekknum, saumar að strákunum og reyndar stelpunum líka og jafnar auk þess um föður sinn. Þetta er auðvitað skammgóður vermir því veruleikinn kemur aftur í heimsókn þegar töfrunum sleppir. Niðurstaða verksins felst aftur á móti í þeirri hvatningu að þú „getur meira en þú heldur". Það ættu allir að hafa í huga.

Sýning Leikfélags Kópavogs á Gúmmí-Tarzan er mörgum góðum kostum búin. Andrés Sigurvinsson er kunnur fyrir að setja á svið fjörmiklar leiksýningar og nýta vel hæfileika ungs fólks. Að þessu leyti bregst hann ekki Leikfélagi Kópavogs. Sýningin er yfirleitt lipur þrátt fyrir stirðleika á köflum sem getur stafað af æfingaleysi eða viðvaningshætti sumra leikaranna. Ég hef trú á því að þetta lagist, enda er Gúmmí-Tarzan líklegur til að hverfa ekki af sviði í bráð. Þetta er um margt virðingarverð leiksýning fyrir börn, fullorðnum ætti ekki að leiðast heldur.

Gúmmí-Tarzan er að stórum hlusta söngleikur. Lög Kjartans Ólafssonar eru hin hressilegustu og lífga mjög upp á sýninguna. Ég ætla ekki að hætta mér út í tónlistargagnrýni, en ekki var hjá því komist að veita söngnum athygli. Ég nefni til dæmis Eiríks Hjálmarsson í hlutverki Péturs og Tinnu Sigrúnar Jónsdóttur. Páll Hjálmtýsson var dálítið hikandi í hlutverki Ívars, en gaf því lit með laglegum söng. Norn Sigríðar Eyþórsdóttur var kannski einum of yfirdrifin, en Sigríði tókst að vekja kátínu í salnum þegar hún greip til vélhjólsins, hondunnar. Það mætti auðvitað nefna fleiri leikara sem gerðu góða hluti, en þetta átti ekki að vera tóm upptalning. Leikmynd og búningum Karls Aspelunds skal aftur á móti ekki gleymt. Það var verk sem í einfaldleik sínum miðlaði réttum hugblæ.

Þýðing Jóns Hjartarsonar á leiktexta er smellin, en til liðs við hann kemur Þórarinn Eldjárn sem er að verða leikhúsunum ómissandi þegar söngtextar eru annars vegar. Til marks um gamansemi söngtextanna má taka þýðingu Þórarins á fyrsta erindi Tarzan og Jane:

Um þéttan frumskóginn ferðast ég,
í fléttum sveifla mér, á vopa spane.
Þar búa villidýr, voðaleg.
Það verður ef til vill minn bane.
En ég fer Tarzan apabróðir
og unnustan mín heitir Jane.

Svo að áfram sé getið góðra verka skal minnt á leikskrá Magnúsar Loftssonar. Í henni er alls ekki svo lítið efni fyrir krakka, dægradvöl þegar heim er komið eftir sýninguna.





# SEPTEM 1983

**Myndlist**

Bragi Ásgeirsson

Enn eru Septem-menn komnir á kreik með myndlistarsýningu að Kjarvalsstöðum og er þetta ellefta sýningin á jafnmörgum árum. Verður að viðurkenna, að það er í meira lagi óvenjulegt, að listhópur haldi jafn þétt saman í þetta langan tíma hérlendis, en í raun hafa þeir haldið saman frá fyrstu Septembersýningunum forðum daga. Þeir mynduðu nefnilega lengi vel kjarnann á hinu svonefndu Haustsýningum Félags íslenzkra myndlistarmanna, en hurfu flestir á braut, er ný kynslóð tók við — mynduðu þá með sér sérsamtök. Að þessu sinni taka sex félagsmenn þátt í sýningunni og auk þess eru þar ellefu *myndverk eftir* ***Sigurjón*** heitinn **Ólafsson,** flest gerð á dánarári hans og þar á meðal síðasta verkið, er hann vann að. Þetta er minningarsýning á nokkrum síðustu verkum þessa fjölhæfa snillings á mótunarsviðinu, en þó er spurn, hvort sýningin, er hann setti sjálfur upp á Septem í fyrra, hafi ekki verið altækari minningarsýning. Undirritaður sýndi nefnilega á eftir Septem-mönnum í Vestursal og svo vildi til, að er hann kom með myndir sínar, voru öll málverkin á veggjunum farin, en verk Sigurjóns ein eftir, og fylltu þau salinn. Það var mögnuð sjón að sjá verk meistarans svona ein og sér, og í raun réttu var þetta heil og fullgild sýning og öllum þeim eftirminnileg, er sáu. Sigurjón kom svo í eigin persónu að sækja myndirnar, galvaskur og kankvís að vanda, og tók að glettast við mig og Freyju mína og þýddi m.a. nafn sitt á ítölsku, hróðugur mjög yfir merkingunni. Þetta var í síðasta sinn, sem ég sá Sigurjón og átti orðræður við hann, og er gott til þess að minnast, hve glaður og upplífgandi hann var.

Myndverk Sigurjóns sýna það og sanna, að maðurinn var á toppinum til hins síðasta, menn líti einungis á myndir eins og „Hanar" (82), „Mannsins ævi" (85), „Skúlptúr" (91) og lokaverkið „Spor í sandinn" (91). Allt eru þetta mögnuð verk sem og öll hin, er ekki eru sérstaklega talin upp hér.

Það má helst segja um þessa sýningu, að hún er ein hin þróttmesta er listhópurinn hefur haldið frá upphafi og svo er einnig samdóma álit þeirra, er ég hef talað við.

**Karl Kvaran** er samur sér í myndveröld sinni, litríkari og formsterkari. Einföldu myndirnar svo sem „Sveifla" (14), „Mjúkar línur" (16), „Haust" (20) og „Sumar" (21) eru allar hrifmiklar í sínum stóru og voldugu formum.

**Guðmunda Andrésdóttir** á eina sterkustu myndröð, er ég hef séð frá hennar hendi og einkum eru það verkin „Glæður" (1) og „Gróandi" (7), sem vert er að vekja athygli á. Í þeim báðum birtist samræmd og lifandi heild órólegra forma.

**Kristján Davíðsson** slær stórt um sig í fjörlegum, litglöðum myndum. Hér er „kóloristinn" lifandi kominn í sínum mesta ham og fer á kostum. Ótrúlegt hvað hann nær sterkum áhrifum úr hinni litlu mynd sinni „Næturssól" (29), andstæða hennar, en ekki síður kröftug, er hin stóra mynd „Flæðarmál VII" (28).

**Jóhannes Jóhannesson** staðfestir sem fyrr, hve traustur málari hann er og á vafalítið jafnbestu myndirnar. Þær eru hreinar og ferskar í lit, formin umbrotamikil og lifandi, en þeim er fyllilega haldið í skefjum með sterkri burðargrind. Ég vísa hér til mynda eins og „Á hvítum grunni" (34), „Umbrot" (36), „Blátt & Hvítt" (37), og „Dans litanna" (40).

Það er langt síðan **Valtýr Pétursson** hefur mætt jafn hressilegur til leiks. Nautnin af að mála er auðsæ á myndum hans, sem þó eru mjög misjafnar. Helst staðnæmdist ég við myndirnar „Fuglar" (47), „Kvöld (55), „Athena" (60) og „Skálar" (66). Allar þessar myndir þykir mér eitt hið sterkasta, er frá honum hefur komið lengi.

Ekki ber á öðru en að nestor listahópsins, **Þorvaldur Skúlason,** sé enn í fullu fjöri, það sanna margar mynda hans á sýningunni og þá ekki síst hið öfluga málverk „Nafnlaus" (74). Hér er hann í essinu sínu, er hann beislar fullkomlega eldrauða litatóna og fljúgandi form, þannig að myndheildin virkar óhagganleg á myndfletinum.

Sem fyrr segir, þá er þetta með fjörlegri sýningum Septem-hópsins, enda hefur hún gengið mjög vel, sem sýnir, að samsýningar eru að festast í sessi hérlendis, vitund fólks að vakna fyrir gildi þeirra. Og svo er einungis að bíða eftir tólftu sýningunni eða þá hvellinum, verði ekki af henni, svo sem boðað er.

**Félag íslenskra símamanna:**

# Afnámi samningsréttar mótmælt

**Á FUNDI í félagsráði Félags ísl. símamanna sem haldinn var 22. september 1983 var samþykkt eftirfarandi ályktun:**

Félagsráð FÍS mótmælir harðlega bráðabirgðalögum ríkisstjornarinnar um afnám samningsréttar og bann við greiðslu vísitölubóta á laun.

Skorar félagsráð eindregið á ríkisstjórn og Alþingi að afnema lögin og veita aftur þau sjálfsögðu mannréttindi sem felast í samningsrétti launþega.

Félagsráð hvetur alla símamenn til að taka þátt í undirskriftasöfnuninni sem nú stendur yfir og einnig og fjölmenna á þá fundi BSRB og FÍS sem framundan eru um þessi mál.

**Úr fréttatilkynningu**

**„Að halda lífi í kulda":**

# Vel heppnuð og fjölsótt ráðstefna

**Ráðstefnunni „Að halda lífi í kulda", sem haldin var um síðustu helgi í Reykjavík á vegum Norrænu samstarfsnefndarinnar um heilsufarsrannsóknir á norðurslóð, lauk á sunnudagskvöld, en það var samdóma álit ráðstefnugesta að hún hefði tekist vel og verið mjög forvitnileg. Um 15 erlendir gestir sáu ráðstefnuna og fluttu erindi ásamt heimamönnum um ýmsa þætti er flokkast undir heiti ráðstefnunnar.**

Fjallað var um möguleikann á að halda lífi í sjávarháska, bæði frá lífeðlisfræðilegu og tæknilegu sjónarmiði. Þá var fjallað um köfun umhverfis Ísland, þjálfun kafara á íslenzkum fiskiskipum og köfunarslys. Slysavarnafélag Íslands, Hjálparsveitir skáta, Flugbjörgunarsveitin, Vinnueftirlit ríkisins og Rauði kross Íslands kynntu starfsemi sína og einnig var fjallað um almannavarnir á Svalbarða og til stóð að fulltrúi Almannavarna Íslands flytti erindi en það féll niður án þess að forföll væru boðuð.

Þá voru flutt ýmis fagleg erindi. Dr. Simo Nyha læknir frá Finnlandi flutti erindi um fylgni dauðsfalla, árstíða og hitastigs í Finnlandi. Trausti Jónsson veðurfræðingur flutti erindi um ógnir veðurfarsins og einstaklinginn undir heitinu: Er Ísland hluti heimskautasvæðanna? Þá flutti Juhani Leppaluoto lífeðlisfræðingur erindi um klæðnað í kulda, dr. Per-Ola Granberg flutti erindi um möguleikann á að halda lífi til fjalla, dr. Beate Lupton flutti erindi um sköddun vegna ofkælingar og dr. Henrik Forsius prófessor flutti erindi um augnsjúkdóma á heimskautasvæðum.